



Varðandi: 100 ára kosningaréttur kvenna

Málsnúmer: 1408142

Dagsetning: 16. júní 2015

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita kr. 600.000 vegna dagskrár á 19. júní í tilefni 100 ára kosningarafmæli kvenna.

Upphæðinni skal ráðstafað af liðnum óráðstafað 21-83-4995 „óviss útgjöld“.

GREINARGERÐ: Þann 19. júní 2015 eru 100 ár síðan konur á Íslandi fengu kosningarétt. Af því tilefni mun Akraneskaupstaður bjóða íbúum á nokkra viðburði. Í Tónlistarskóla Akraness verða haldnir sýputónleikar i boði Akraneskaupstaðar og á bókasafninu mun Þjóðlagasveitin leika nokkur lög. Sýningin „Saga líknandi handa“ verður opin sem og sýningin Learning to Fly... Soul Flight í Akranesvita. Ennfremur mun Akraneskaupstaður bjóða öllum konum sem starfa hjá bænum í móttöku í Safnaskálanum í Görðum.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

bærarstjóri